



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1287

FUNDARBOÐ

**1287. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
12. febrúar 2019 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1901180 - Reglur 2019 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega

Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi sínum þann 24. janúar síðastliðinn reglur um afslátt fasteignagjalda til elli- og örorkulífsþega á árinu 2019. Reglunum er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

2. 1811021 - Aðalskipulag Akraness M2 - breyting á miðsvæði (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt)

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness M2 vegna breytinga á Kirkjubraut 39. Breytingin felst í breyttum skipulagsákvæðum fyrir M2, þ.e. auknu byggingarmagni skal mæta með gerð nýrra bílastæða í göturými, með samnýtingu og með bílageymslum neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa. Skilmálar um fjölda bílastæða vegna aukinnar nýtingar skulu settir í deiliskipulagi. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., dags. 25. janúar 2019. Skipulagslýsing var auglýst 21. nóvember með fresti til að skila inn ábendingu til 13. desember 2018. Haldið var opið hús til kynningar á skipulagsbreytingunni föstudaginn 18. janúar síðastliðinn.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

3. 1807077 - Deilisk. Stofnanareitur - Kirkjubraut 39

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits sem unnin er af Al-hönnun ehf. dags. 5. júní 2018. Tillagan er sett fram á skipulagsupphráttum og í greinargerð. Í tillögunni felst að byggja upp verslunar- og hótél á lóðinni. Nýtingarhlutfall er aukið úr 0,4-0,6 í 1,56 og byggt verði alla 4. hæða hús í götulínu. Skipulagslýsing var auglýst 21. nóvember með fresti til að skila inn ábendingum til 13. desember 2018. Haldið var opið hús til kynningar á skipulagsbreytingunni föstudaginn 18. janúar síðastliðinn.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga á breytingu deiliskipulagins verði auglýst í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðið vill benda á að allur kostnaður sem hlýst af skipulagsbreytingunni fellur á umsækjanda hennar, þar með talinn kostnaður vegna bílastæðagjalds.

4. 1809183 - Aðalskipulag Flóahverfi breyting

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna stækkunar Flóahverfis hefur verið afgreidd til auglýsingar. Verkfræðistofan Efla hefur fyrir hönd Landsnets óskað eftir því að gert verði ráð fyrir 66 kV jarðstreng, flutningslínu raforku, milli Brennimels og tengivirkis á Akranesi. Tillaga að legu strengsins suðaustan Flóahverfis var unnin í samráði við Skipulags- og umhverfissvið og skipulagsráðgjafa. Gera þarf grein fyrir legu strengsins á aðalskipulagsupprætti og er því lagt til að hann verði færður inn á breytingarblað vegna Flóahverfis. Lagt er fram endurskoðuð tillaga vegna stækkunar Flóahverfis þar sem jarðstrengurinn er sýndur og lagt til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. sviðsstjóra er falið að senda endurskoðaða breytingartillögu til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

Fundargerðir til kynningar

5. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3366. fundargerð bæjarráðs frá 24. janúar 2019.

6. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

101. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 28. janúar 2019.

102. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 4. febrúar 2019.

7. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

96. fundargerð skóla- og frístundaráðs 28. janúar 2019.

97. fundargerð skóla- og frístundaráðs 4. febrúar 2019.

8. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

97. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 30. janúar 2019.

98. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 6. febrúar 2019.

9. 1901010 - Fundargerðir 2019 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

93. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili frá 29. janúar 2019.

10. 1901018 - Fundargerðir 2019 - Samband íslenskra sveitarfélaga

867. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. janúar 2019.

11. 1801026 - Fundargerðir 2018 - Orkuveita Reykjavíkur

269. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 19. desember 2018.

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.